Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRUNN ÝR ELÍASDÓTTIR
Kennitala: 090776-6149
2024-03-25 14:27:19 GMT
kaupfélagsstjóri

Fullgild rafræn undirskrift
GUÐNÝ HELGA BJÖRNSDÓTTIR
Kennitala: 210569-4809
2024-03-25 15:49:21 GMT
meðstjórnandi

Fullgild rafræn undirskrift
ÁRSÆLL DANÍELSSON
Kennitala: 010853-3549
2024-03-25 21:04:29 GMT
meðstjórnandi

Fullgild rafræn undirskrift
GUNNAR ÞÓRARINSSON
Kennitala: 191262-7869
2024-03-25 21:18:11 GMT
stjórnarformaður

Fullgild rafræn undirskrift
ÓLAFUR BENEDIKTSSON
Kennitala: 091261-5539
2024-03-26 10:26:26 GMT
meðstjórnandi

Fullgild rafræn undirskrift
ÞORSTEINN H SIGURJÓNSSON
Kennitala: 150153-4419
2024-03-26 10:54:38 GMT
meðstjórnandi

Fullgild rafræn undirskrift
JÓN ARNAR ÓSKARSSON
Kennitala: 110580-3989
2024-03-26 14:48:48 GMT
endurskoðandi

# Kaupfélag Vestur-Húnvetninga

## Ársreikningur 2023

## Efnisyfirlit


| Efnisyfirlit | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun félagsstjórnar ................................................................ | **2** |
| Áritun óháðs endurskoðanda ................................................................ | **3-4** |
| Áritun skoðunarmanna ................................................................ | **5** |
| Rekstrarreikningur ................................................................ | **6** |
| Efnahagsreikningur ................................................................ | **7-8** |
| Sjóðstreymi ................................................................ | **9** |
| Skýringar ................................................................ | **10-19** |



Kaupfélag Vestur-Húnvetninga svf.
Strandgötu 1
530 Hvammstanga
kt. 680169-1879

# Skýrsla og áritun félagsstjórnar

### Meginstarfsemi félagsins

Meginstarfsemi Kaupfélags Vestur-Húnvetninga felst í verslunarrekstri á sviði matvöru, sérvöru og byggingavöru. Verslun félagsins er staðsett á Hvammstanga.

### Starfsemin á árinu

Rekstur félagsins var með svipuðu móti í ár og síðast liðið ár. Heildarvelta félagsins nam 966,6 milljónum króna á árinu og hagnaður ársins var 46,6 milljónir króna samanborið við 945,7 milljóna króna veltu og 29,7 milljóna króna hagnað á árinu 2022. Eigið fé félagsins nam 684,5 milljón króna í árslok 2023 samanborið við 638,1 milljónir króna í árslok 2022. Í árslok nam eiginfjárhlutfall félagsins 76,9% en var 73,6% í árslok 2022. Hjá félaginu störfuðu 40 starfsmenn á árinu í 22 stöðugildi. Hlutfall kynja er 49% konur og 51% karlar.

Það er álit stjórnar og kaupfélagsstjóra félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

### Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins verði með svipuðu sniði árið 2024 og hann var á árinu 2023.

### Eignaraðild og ráðstöfun hagnaðar

Félagsmenn í árslok voru 395 í 5 félagsdeildum en voru 393 í ársbyrjun. Í samræmi við ákvæði laga um samvinnufélög hafa allir félagsmenn jafnan atkvæðisrétt og önnur réttindi þar sem stofnsjóður er eingöngu í A-deild. Stjórn félagsins leggur til að 1.808.302 kr. verði greiddar inná stofnsjóðsreikninga félagsmanna á árinu 2024 vegna rekstrarársins 2023. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi breytingar á eiginfjárreikningum. Framangreid arðstillaga grundvallast á niðurstöðu aðalfundar félagsins.

### Fjárhagsleg áhættustjórnun

Helsta fjárhagslega áhætta félagsins er útlánaáhætta tengd viðskiptakröfum og lausafjáráhættu. Útlánatöp eru takmörkuð með virkri eftirfylgni við innheimtu og sérstökum innheimtureglum. Markaðsáhætta félagsins vegna fjármálagjörninga er óveruleg. Lausafjáráhætta er lágmörkuð með daglegri sjóðstýringu og samningum um greiðslufresti.

## Atburðir eftir lok reikningsárs

Engir verulegir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsárs.

Stjórn Kaupfélags Vestur-Húnvetninga og kaupfélagsstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 25. mars 2024

Gunnar Þórarinsson
Stjórnarformaður

Ársæll Daníelsson
Meðstjórnandi

Guðný Helga Björnsdóttir
Meðstjórnandi

Ólafur Benediktsson
Meðstjórnandi

Þorsteinn H. Sigurjónsson
Meðstjórnandi

Þórunn Ýr Elíasdóttir
Kaupfélagsstjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagamanna Kaupfélags Vestur-Húnvetninga

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Kaupfélags Vestur-Húnvetninga („félagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ársreikningur félagsins 31. desember 2022 var endurskoðaður af öðrum endurskoðanda. Áritunin er dagsett 4. apríl 2023 og er án fyrirvara.

### Ábyrgð stjórnar og kaupfélagsstjóra á ársreikningnum

Stjórn og kaupfélagsstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og kaupfélagsstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og kaupfélagsstjóri hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:**

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og kaupfélagsstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

**Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 25. mars 2024

***KPMG ehf.***

Jón Arnar Óskarsson

# Rekstrarreikningur ársins 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Sala verslunardeilda | | 923.243.950 | 902.467.959 |
| Sala afurða | | 1.964.204 | 4.463.007 |
| Aðrar tekjur | | 41.377.545 | 38.732.841 |
| | | 966.585.699 | 945.663.807 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 701.438.522 | 686.554.736 |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 203.524.048 | 202.699.425 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 47.965.483 | 41.033.698 |
| Afskriftir | 5 | 8.662.704 | 10.391.845 |
| | | 961.590.757 | 940.679.703 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 4.994.942 | 4.984.104 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | 4 | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 8.402.194 | 8.714.371 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | (1.398.396) | (4.908.336) |
| Gengismunur | | (696.849) | (18.785) |
| | | 6.306.949 | 3.787.250 |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | 6 | 37.591.702 | 22.659.737 |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | 48.893.593 | 31.431.090 |
| Tekjuskattur | 9 | (2.264.419) | (1.758.031) |
| **Hagnaður ársins** | | 46.629.174 | 29.673.060 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| | Skýr. | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 5 | | |
| Fasteignir | | 132.294.324 | 137.439.247 |
| Vélar, áhöld og innréttingar | | 26.530.052 | 24.118.835 |
| Bifreiðar | | 1.359.876 | 1.543.476 |
| | | 160.184.252 | 163.101.558 |
| Fjáreignir: | | | |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 6 | 361.351.840 | 323.760.137 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 7 | 12.988.715 | 6.988.715 |
| Skuldabréfaeign | 8 | 40.938.746 | 29.514.132 |
| | | 415.279.301 | 360.262.984 |
| Aðrir fastafjármunir: | | | |
| Tekjuskattseign | 9 | 0 | 1.095.120 |
| | | 0 | 1.095.120 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 575.463.553 | 524.459.661 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 10 | 116.085.203 | 132.680.578 |
| Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar | 8 | 11.111.468 | 9.983.967 |
| Viðskiptakröfur | 11 | 94.526.196 | 130.135.967 |
| Krafa á tengda aðila | 19 | 4.533.255 | 4.951.770 |
| Aðrar skammtímakröfur | 12 | 771.600 | 548.105 |
| Handbært fé | 13 | 88.169.872 | 63.843.187 |
| | | 315.197.593 | 342.143.574 |
| **Eignir samtals** | | 890.661.147 | 866.603.236 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 14 | | |
| Stofnsjóður félagsmanna | | 3.173.423 | 1.936.312 |
| Lögbundinn varasjóður | | 793.356 | 484.078 |
| Sjóður til stuðnings mjólkurframleiðslu | | 26.330.617 | 24.378.163 |
| Menningarsjóður | | 168.651 | 172.618 |
| Bundinn hlutdeildarreikningur | | 228.190.360 | 190.598.658 |
| Óráðstafað eigið fé | | 425.862.089 | 420.483.918 |
| | | 684.518.496 | 638.053.747 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldbindingar: | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 9 | 1.169.300 | 0 |
| Langtímaskuldir: | | | |
| Lán til lengri tíma en árs | 15 | 4.065.166 | 8.130.335 |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Viðskiptaskuldir | 16 | 142.119.624 | 146.356.198 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 17 | 29.434.138 | 38.559.857 |
| Skuld við tengda aðila | 19 | 25.289.254 | 30.075.346 |
| Næsta árs afborganir langtímalána | 15 | 4.065.169 | 4.065.168 |
| Ógreiddir skattar | 9 | 0 | 1.362.585 |
| | | 200.908.185 | 220.419.154 |
| **Skuldir samtals** | | 206.142.651 | 228.549.489 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 890.661.147 | 866.603.236 |
| Ábyrgðarskuldbindingar | 18 | | |
| Aðrar upplýsingar | 18-19 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Hagnaður ársins | | 46.629.174 | 29.673.060 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 5 | 8.662.704 | 10.391.845 |
| Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga | 6 | (37.591.702) | (22.659.737) |
| Aðrir liðir | | 318.340 | (1.597.725) |
| | | 18.018.515 | 15.807.443 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 35.386.274 | 1.076.525 |
| Birgðir | | 16.595.375 | (12.095.156) |
| (Lækkun) hækkun rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | (14.724.878) | 11.726.606 |
| | | 37.256.771 | 707.974 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 55.275.286 | 16.515.418 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Kaupverð rekstrarfjármuna | 5 | (5.745.397) | (3.512.136) |
| Kaupverð eignarhluta í félögum | | (6.000.000) | 0 |
| Ný skuldabréfaeign | | (22.238.241) | (16.254.453) |
| Afborganir skuldabréfaeignar | | 10.234.638 | 7.164.942 |
| | | (23.749.000) | (12.601.647) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Greiddar afborganir langtímaskulda | | (4.065.168) | (4.065.167) |
| Lækkun (hækkun) krafna á tengda aðila | 19 | 418.515 | (3.573.387) |
| (Lækkun) hækkun skulda við tengda aðila | 19 | (4.786.092) | 1.855.479 |
| Aðrar breytingar | | 1.233.144 | 103.945 |
| | | (7.199.601) | (5.679.130) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 24.326.685 | (1.765.359) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 63.843.187 | 65.608.546 |
| **Handbært fé í árslok** | | 88.169.872 | 63.843.187 |
| **Aðrar upplýsingar:** | | | |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 8.402.194 | 8.714.287 |
| Greiddir vextir | | (4.947.662) | (4.908.336) |
| Greiddir skattar | | (1.362.585) | 0 |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Kaupfélag Vestur-Húnvetninga er samvinnufélag með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Strandgötu 1, 530 Hvammstanga.

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt settum reikningsskilareglum þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Ársreikningur félagsins er lagður fram miðað við forsendur um mat eigna og skulda miðað við áframhaldandi rekstur.

### 1.2 Samanburðarfjárhæðir

Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs varðandi greiðslukortakröfur sem teljast meðal viðskiptakrafna en voru áður sem aðrar skammtímakröfur.

### 1.3 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda.

### 1.4 Aðrar tekjur

Umboðslaun eru tekjufærð á grundvelli fyrirliggjandi samninga. Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum og eignarhlutum í félögum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

### 1.5 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

### 1.6 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok ársins. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2024. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

# Skýringar

### 1.7 Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Um er að ræða rekstrarfjármun sem er upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt línulegri aðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Fasteignir ........................................ | 25-50 ár |
| Vélar, áhöld og innréttingar ........................................ | 3-8 ár |
| Bifreiðar ........................................ | 8 ár |

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur rekstrarfjármuna er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### 1.8 Eignarhlutir í hlutdeildar- og öðrum félögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaganna eftir kaup færð í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélögum. Hlutdeildarfélög eru félög þar sem félagið á að jafnaði milli 20 og 50% eignarhlut, eða hefur veruleg áhrif án þess að hafa bein yfirráð yfir þeim. Óinnleystum hagnaði vegna viðskipta milli félagsins og hlutdeildarfélaga er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Óinnleystu tapi er einnig eytt út hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð. Hætt er að taka tillit til hlutdeildar í tapi hlutdeildarfélags þegar bókfært verð er núll nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað hlutdeildarfélaginu.

Eignarhlutar í öðrum félögum eru að jafnaði eignfærðir á kostnaðarverði.

Eignarhlutar sem tapast hafa vegna gjaldþrota, nauðasamninga eða eignaleysis viðkomandi félaga eru gjaldfærðir í rekstrareikningi.

### 1.9 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

### 1.10 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast í samræmi við meðalkostnaðaraðferð. Kostnaðarverð fullunninna vara og vara í vinnslu samanstendur af efni, beinum launum, öðrum beinum kostnaði og óbeinum framleiðslukostnaði en ekki vaxtakostnaði. Dagverð er áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu varanna og sölukostnaði.

# Skýringar

### 1.11 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

### 1.12 Arður

Arður er færður í ársreikning þegar aðalfundur/hluthafafundur hefur samþykkt að greiða arðinn út.

### 1.13 Tekjuskattseign / - skuldbinding

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattalegu tapi tímabilsins og kemur til frádráttar á næstu reikningsárum, færist til eignar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsinneign. Mismunur þessi stafar af því að skattalegt tap samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en tap fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í ársreikningi en skattauppgjöri.

Reiknuð tekjuskattseign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar og yfirfærðs skattalegs taps, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur og að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattseign er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

### 1.14 Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign, sem ætlað er að eiga fram að gjalddaga, er færð á kostnaðarverði sem samanstendur af kaupverði og beinum kostnaði við öflun þeirra.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

### 2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. útlánaáhættu vegna krafna, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytingar. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

# Skýringar

## 3. Laun og launatengd gjöld

**Starfsmannamál**

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Laun ... | 165.958.457 | 166.380.277 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð ... | 21.743.830 | 19.899.150 |
| Önnur launatengd gjöld ... | 15.821.761 | 16.419.998 |
| | 203.524.048 | 202.699.425 |

Hjá félaginu störfuðu 40 starfsmenn í um 22 stöðugildi á árinu. Laun og þóknanir til stjórnenda námu 15,9 millj. kr.

Félagið hefur ekki gert samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

## 4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | Banka-reikningar | Langtíma-kröfur / skuldir | Aðrir liðir | Samtals 2023 | Samtals 2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur og verðbætur ... | 2.035.135 | 2.432.763 | 3.934.296 | 8.402.194 | 8.714.371 |
| Vaxtagjöld og verðbætur .... | (611.673) | (786.723) | | (1.398.396) | (4.908.336) |
| Gengismunur ... | 0 | 0 | (696.849) | (696.849) | (18.785) |
| | 1.423.462 | 1.646.040 | 3.237.447 | 6.306.949 | 3.787.250 |

## 5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig 2022:

| | Fasteignir | Vélar, áhöld og innréttingar | Bifreiðar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Bókfært verð 1/1 ... | 141.217.388 | 27.036.803 | 1.727.076 | 169.981.267 |
| Viðbætur á árinu ... | 1.846.621 | 1.665.515 | 0 | 3.512.136 |
| Afskrifað á árinu ... | (5.624.762) | (4.583.483) | (183.600) | (10.391.845) |
| Bókfært verð 31/12 ... | 137.439.247 | 24.118.835 | 1.543.476 | 163.101.558 |
| Bókfært verð í árslok 2023 greinist þannig: | | | | |
| Kostnaðarverð ... | 279.763.823 | 148.613.975 | 4.010.757 | 432.388.556 |
| Afskrifað samtals ... | (142.324.574) | (124.495.143) | (2.467.281) | (269.286.998) |
| Bókfært verð í árslok ... | 137.439.249 | 24.118.833 | 1.543.476 | 163.101.558 |

# Skýringar

## 5. Rekstrarfjármunir (frh.)

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig 2023:

| | Fasteignir | Vélar, áhöld og innréttingar | Bifreiðar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Bókfært verð 1/1 | 137.439.247 | 24.118.835 | 1.543.476 | 163.101.558 |
| Viðbætur á árinu | 482.376 | 5.263.021 | 0 | 5.745.397 |
| Afskrifað á árinu | (5.627.299) | (2.851.804) | (183.600) | (8.662.703) |
| Bókfært verð 31/12 | 132.294.324 | 26.530.052 | 1.359.876 | 160.184.252 |
| Bókfært verð í árslok 2023 greinist þannig: | | | | |
| Kostnaðarverð | 280.246.197 | 153.876.998 | 4.010.757 | 438.133.953 |
| Afskrifað samtals | (147.951.873) | (127.346.947) | (2.650.881) | (277.949.701) |
| Bókfært verð í árslok | 132.294.324 | 26.530.052 | 1.359.876 | 160.184.252 |

| Fasteignir félagsins sundurliðast þannig: | Fasteignamat | Brunabótamat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Strandgata 1, 530 Hvammstanga | 263.600.000 | 1.420.570.000 | 132.294.324 |

Vátryggingarverð véla, áhalda, innréttinga og bifreiða er 127,9 milljónir króna í árslok.

Á Strandgötu 1 hvíla veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum félagsins að fjárhæð 8,1 milljónir króna í árslok.

## 6. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast á eftirfarandi hátt:

| | Reykjahöfði ehf. Strandgötu 1, Hvammstanga 25% | Sláturh. KVH ehf. Norðurbraut 24, Hvammstanga 50% | Samtals |
|---|---|---|---|
| Staða 1/1 | 4.592.727 | 319.167.410 | 323.760.137 |
| Hlutdeild í hagnaði | 2.997.447 | 34.594.256 | 37.591.702 |
| Staða 31/12 | 7.590.174 | 353.761.666 | 361.351.839 |

## 7. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

| | Eignarhlutd. í % | Nafnverð í lok árs | Bókfært verð í lok árs |
|---|---|---|---|
| Ámundakinn ehf | 0,39% | 923.631 | 1.638.945 |
| Brauð- og kökugerðin hf | 50,00% | 600.000 | 600.000 |
| Fóðurblandan hf | 0,39% | 3.688.770 | 3.688.770 |
| Húnakorn ehf | 5,71% | 125.000 | 125.000 |
| Ístex hf | 1,47% | 736.000 | 736.000 |
| Selasetur Íslands ehf | 14,07% | 580.000 | 100.000 |
| Selasigling ehf | 3,85% | 100.000 | 100.000 |
| Skógarplöntur ehf. | 100,00% | 6.000.000 | 6.000.000 |
| | | 12.753.401 | 12.988.715 |

# Skýringar

## 8. Skuldabréfaeign

Breyting skuldabréfaeignar á árinu greinist þannig:

| | Staða 1.1 | Ný skuldabréf | Afborganir | Afskrifað | Verðbætur |
|---|---|---|---|---|---|
| Óverðtryggð skuldabréf ...... | 15.746.489 | 19.605.081 | (5.666.712) | (1.247.635) | 0 |
| Verðtryggð skuldabréf ........ | 23.751.610 | 2.633.160 | (4.567.926) | 0 | 1.796.147 |
| Skuldabréfaeign samtals .... | 39.498.099 | 22.238.241 | (10.234.638) | (1.247.635) | 1.796.147 |

| | **Staða 31.12** |
|---|---|
| Óverðtryggð skuldabréf ...... | 28.437.223 |
| Verðtryggð skuldabréf ...... | 23.612.991 |
| Skuldabréfaeign samtals ...... | 52.050.214 |

Afborganir af skuldabréfaeign í árslok 2023 greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2024 ...... | 11.111.468 |
| Árið 2025 ...... | 9.164.707 |
| Árið 2026 ...... | 6.582.160 |
| Árið 2027 ...... | 3.810.955 |
| Árið 2028 ...... | 2.915.961 |
| Síðar ...... | 18.464.962 |
| | 52.050.214 |

Skuldabréfaeign, samtals 52,1 millj. króna, kemur þannig fram í efnahagsreikningi:

| | |
|---|---|
| Afborganir ársins 2024, færðar meðal veltufjármuna ...... | 11.111.468 |
| Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar ...... | 40.938.746 |
| | 52.050.214 |

## 9. Tekjuskattseign og tekjuskattur

Breyting tekjuskattseignar (tekjuskattsskuldbindingar) á árinu greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskatteign 1/1 ...... | 1.095.120 |
| Tekjuskattur af reglulegri starfsemi ...... | (2.264.419) |
| Tekjuskattsskuldbinding 31/12 ...... | (1.169.300) |

Tekjuskattseign (tekjuskattsskuldbinding) greinist þannig á eftirfarandi liði:

| | Staða 1.1. | Staða 31.12. |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstarfjármunir ...... | (3.551.429) | (3.893.638) |
| Viðskiptakröfur ...... | 4.644.044 | 1.960.622 |
| Birgðir ...... | 0 | (1.160.852) |
| Gengismunur ...... | 2.505 | 94.165 |
| Yfirfæranlegt tap ...... | 0 | 1.830.404 |
| | 1.095.120 | (1.169.300) |

Reiknaður tekjuskattur félagsins af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Hagnaður fyrir skatta ...... | 48.893.593 | 31.431.090 |
| Reiknaður tekjuskattur miðað við 20% skatthlutfall ...... | 9.778.719 | 6.286.218 |
| Skattfrjálsar tekjur (varanl. mism., hlutdeildartekjur og söluhagn. eignarhluta) ...... | (7.518.340) | (4.531.947) |
| Ófrádráttarbær gjöld ...... | 4.040 | 3.760 |
| Reiknaður tekjuskattur í rekstrarreikningi ...... | 2.264.419 | 1.758.031 |

# Skýringar

## 10. Birgðir

| Birgðir greinast þannig: | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Kjörbúð | 52.717.496 | 48.319.542 |
| Byggingavörudeild | 19.876.438 | 22.573.805 |
| Pakkhús | 43.491.270 | 61.787.231 |
| | 116.085.203 | 132.680.578 |

Vátryggingarverð birgða er 145,1 milljónir króna í árslok.

## 11. Viðskiptakröfur

| Viðskiptakröfur greinast þannig: | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Viðskiptamenn | 86.879.940 | 134.364.505 |
| Greiðslukortakröfur | 25.679.866 | 18.991.682 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | (18.033.610) | (23.220.220) |
| | 94.526.196 | 130.135.967 |

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímakröfum í efnahagsreikningi. Breyting niðurfærslureikningsins greinist þannig:

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Staða 1/1 | 23.220.220 | 24.078.736 |
| Lækkun afskriftareiknings | (5.186.610) | (858.516) |
| Staða 31/12 | 18.033.610 | 23.220.220 |

## 12. Aðrar skammtímakröfur

| Aðrar skammtímakröfur greinast þannig: | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Fjármagnstekjuskattur | 660.810 | 171.586 |
| Áfallnar vaxtatekjur af skuldabréfaeign | 110.790 | 67.512 |
| | 771.600 | 239.098 |

## 13. Handbært fé

| Handbært fé greinast þannig í lok árs: | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Sjóður | 590.647 | 669.344 |
| Óbundnar bankainnstæður | 87.579.225 | 64.939.202 |
| | 88.169.872 | 65.608.546 |

# Skýringar

## 14. Eigið fé

Breytingar á eiginfjárreikningum greinast þannig:

| **Stofnsjóður félagsmanna:** | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Staða 1/1 | 1.936.312 | 1.824.579 |
| Innborganir - útborganir úr stofnsjóði | (37.197) | (10.362) |
| Vextir | 236.118 | 156.496 |
| Fjármagnstekjuskattur | (359.378) | (34.401) |
| Arður | 1.397.568 | 0 |
| | 3.173.423 | 1.936.312 |

**Annað eigið fé:**

| | | |
|---|---|---|
| Lögbundinn varasjóður: | | |
| Staða 1/1 | 484.078 | 456.145 |
| Breyting lögbundins varasjóðs á árinu | 309.278 | 27.933 |
| | 793.356 | 484.078 |
| Sjóður til stuðnings mjólkurframleiðslu: | | |
| Staða 1/1 | 24.378.163 | 22.295.839 |
| Verðbætur | 1.952.454 | 2.082.324 |
| | 26.330.617 | 24.378.163 |

Sjóðurinn var upphaflega 10 milljónir króna og er verðbættur frá þeim tíma sem hann var fullmyndaður. Tilgangur sjóðsins er stuðningur við mjólkurframleiðslu á svæði Kaupfélagsins. Verði Kaupfélagið lagt niður eða sameinað verður sjóðurinn í umsjón mjólkurframleiðenda í Húnaþingi vestra.

Eftirstöðvar lána úr sjóðnum til kvótakaupa í mjólkurframleiðslu voru í árslok 23.612.991 milljónir króna.

| | | |
|---|---|---|
| Menningarsjóður: | | |
| Staða 1/1 | 172.618 | 180.406 |
| Tillög í sjóðinn | 246.033 | 242.212 |
| Veitt fé úr menningarsjóði | (250.000) | (250.000) |
| | 168.651 | 172.618 |
| Bundinn hlutdeildarreikningur: | | |
| Staða 1/1 | 190.598.658 | 167.938.921 |
| Bundin hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | 37.591.702 | 22.659.737 |
| | 228.190.360 | 190.598.658 |

Bundinn hlutdeildarreikningur er færður í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Á reikninginn er færður mismunur á hlutdeild sem færð hefur verið í rekstrareikning vegna hlutdeildarfélaga og móttekins arðs frá hlutdeildarfélögum. Reikningurinn er leystur upp ef hlutdeildin er seld eða afskrifuð.

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Óráðstafað eigið fé: | | |
| Staða 1/1 | 420.483.918 | 415.580.852 |
| Verðbætur sjóðs til stuðnings mjólkurframleiðslu | (1.952.454) | (2.082.324) |
| Arður greiddur til sjóðsfélaga | (1.397.568) | 0 |
| Hagnaður ársins | 46.629.174 | 29.673.060 |
| Bundin hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | (37.591.702) | (22.659.737) |
| Breyting lögbundins varasjóðs á árinu | (309.278) | (27.933) |
| | 425.862.089 | 420.483.918 |
| **Eigið fé samtals** | 684.518.496 | 638.053.747 |

# Skýringar

## 15. Langtímaskuldir

| Langtímaskuldir greinast þannig: | 31.12.2023 |
|---|---|
| Innlend óverðtryggð lán í ISK | 8.130.335 |
| | 8.130.335 |

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2022 greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2024 | 4.065.169 |
| Árið 2025 | 4.065.169 |
| Árið 2026 | 4.065.169 |
| | 8.130.335 |

Langtímaskuldir samtals 8,1 milljónir króna koma þannig fram í efnahagsreikningi:

| | |
|---|---|
| Afborganir ársins 2024, færðar meðal skammtímaskulda | 4.065.169 |
| Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar | 4.065.166 |
| | 8.130.335 |

## 16. Viðskiptaskuldir

| Viðskiptaskuldir greinast þannig: | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir, almennar | 76.033.614 | 64.690.252 |
| Skuldir við fyrirtæki og stofnanir | 66.086.010 | 81.665.946 |
| | 142.119.624 | 146.356.198 |

## 17. Aðrar skammtímaskuldir

| Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig í lok árs: | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 7.318.354 | 7.712.059 |
| Orlofsskuldbinding | 10.446.630 | 13.052.346 |
| Virðisaukaskattur | 11.201.300 | 17.678.629 |
| Ógreiddur innheimtur fjármagnstekjuskattur | 404.977 | 45.598 |
| Áfallnir vextir af langtímalánum | 62.875 | 71.225 |
| | 29.434.136 | 38.559.857 |

# Skýringar

## 18. Ábyrgðarskuldbindingar

Kaupfélagið hefur gengist í sjálfskuldarábyrgð fyrir Reykjahöfða ehf. vegna láns að fjárhæð 3,0 milljónum króna í árslok 2023.

## 19. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru hlutdeildarfélög, stjórn félagsins, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

| Árið 2023 | Seldar vörur og þjónusta | Keyptar vörur og þjónusta | Viðskiptakröfur | Viðskiptaskuldir |
|---|---|---|---|---|
| Sláturhús KVH ehf. (hlutdeildarfélag) ............ | 14.255.052 | 14.250.342 | 2.713.167 | 1.418.562 |
| Reykjarhöfði ehf. (hlutdeildarfélag) ................ | 1.087.807 | 0 | 86.756 | 0 |
| Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri ............... | 21.617.061 | 0 | 1.733.332 | 23.870.692 |
| | 36.959.920 | 14.250.342 | 4.533.255 | 25.289.254 |

| Árið 2022 | Seldar vörur og þjónusta | Keyptar vörur og þjónusta | Viðskiptakröfur | Viðskiptaskuldir |
|---|---|---|---|---|
| Sláturhús KVH (hlutdeildarfélag) .................. | 12.377.523 | 10.351.244 | 0 | 429.159 |
| Reykjarhöfði ehf. (hlutdeildarfélag) ................ | 841.313 | 0 | 1.531.979 | 0 |
| Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri ............... | 16.523.718 | 0 | 3.419.791 | 29.646.187 |
| | 29.742.554 | 10.351.244 | 4.951.770 | 30.075.346 |

Reykjahöfði ehf er í sameiginlegri eigu Kaupfélagsins (25%), Sláturhúss KVH ehf (50%) og annarra aðila (25%).